

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins á árinu 1988.

	1. gr.	Kr.
1. Röntgenskoðunartæki.		
a) Föst tæki — myndataka		5 775,00
b) Föst tæki — skygging		7 700,00
c) Aukalampar		1 735,00
d) Færanleg tæki — myndataka		4 760,00
e) Færanleg tæki — skygging		5 775,00
f) Tannröntgentæki		4 760,00
g) Tannröntgentæki — aukatæki		2 380,00
h) Iðnaðarröntgentæki		4 760,00
2. Geislalækningatæki		12 870,00
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað þar sem slík efni eru notuð ...		4 760,00
4. Önnur geislataeki		
a) Nifteindatæki		16 950,00
b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1—3:		
1) Hvert af 3 fyrstu tækjum á sama stað		4 760,00
2) Hvert eins tæki umfram það á sama stað		2 380,00
5. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.		
a) Filmumælingar, fyrir hvern starfsmann		1 160,00
b) TLD-mælingar, fyrir hvern starfsmann		2 310,00

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin taka gjald allt að kr. 4 000,00. Fyrir hvert vottorð, sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 000,00.

4. gr.

Fyrir skoðun sólarlampa við innflutning, skal greitt gjald, kr. 10 000,00 og fylgi greiðsla með umsókn um leyfi til innflutnings tækisins.

5. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. febrúar 1988 og eindagi 1. maí 1988.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 117/1985 um geislavarnir, jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár svo og 2. mgr. 3. greinar reglugerðar nr. 449/1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Ingimarsson.